

AFKOMA ARION BANKA Á FYRSTU NÍU MÁNUÐUM ÁRSINS 2013

Hagnaður Arion banka á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 nam 10,1 milljarði króna eftir skatta samanborið við 14,5 milljarða króna á sama tímabili á árinu 2012. Arðsemi eigin fjár var 10,0% samanborið við 15,9% á sama tímabili árið 2012. Arðsemi af kjarnastarfsemi var 9,2% en var 11,9% á sama tíma árið 2012. Heildareignir námu 936,9 milljörðum króna samanborið við 900,7 milljarða króna í árslok 2012.

Hagnaður á þriðja ársfjórðungi nam 4,2 milljörðum króna samanborið við 3,3 milljarða króna á sama tímabili á árinu 2012. Arðsemi eigin fjár á þriðja ársfjórðungi var 12,2% samanborið við 10,7% á sama ársfjórðungi árið 2012 og arðsemi af kjarnastarfsemi nam 11,2% en var 12,4% á þriðja ársfjórðungi ársins 2012.

Eiginfjárhlutfall bankans í lok tímabilsins var 23,6% en var 24,3% í árslok 2012.

Helstu atriði árshlutareikningsins:

- Hagnaður eftir skatta nam 10,1 ma.kr. samanborið við 14,5 ma.kr. á sama tímabili 2012.
- Hagnaður á þriðja ársfjórðungi nam 4,2 mö.kr. samanborið við 3,3 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi ársins 2012.
- Hagnaður af kjarnastarfsemi nam 9,3 mö.kr. samanborið við 10,9 ma.kr. á sama tímabili 2012.
- Rekstrartekjur lækka milli ára og námu 31,5 mö.kr. samanborið við 34,4 ma.kr. á sama tímabili 2012. Helstu ástæður eru lækkun vaxtamunar, sem m.a. er tilkomin vegna bindingar innlána og skuldabréfaútgáfu. Einnig eru aðrar tekjur lægri vegna minni virðisbreytinga eigna.
- Hreinar vaxtatekjur námu 18,3 mö.kr. og eru nokkru lægri en á sama tíma 2012 vegna hærri fjármagnskostnaðar og lægri verðbólgu.
- Hrein neikvæð virðisbreyting á útlánnum nemur 0,1 ma.kr. og skýrist mest af niðurfærslu vegna gengislánadóma og töpuðum útlánnum sem nema samtals 7,8 mö.kr. en einnig virðisaukningu útlána, einkum til fyrirtækja, sem nemur samtals 7,6 mö.kr.
- Arðsemi eigin fjár var 10,0% en var 15,9% á sama tímabili 2012. Arðsemi af kjarnastarfsemi var 9,2% samanborið við 11,9% á sama tíma 2012.
- Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 2,9% á tímabilinu en var 3,3% á sama tímabili 2012.
- Kostnaðarhlutfall á tímabilinu var 57,6% en var 49,8% á sama tímabili 2012. Hátt hlutfall nú skýrist m.a. af sekt samkeppnisyrfirvalda á Valitor og lægri rekstrartekna en á sama tíma 2012. Kostnaðarhlutfall af kjarnastarfsemi nam 56,3% samanborið við 51,3% á sama tímabili 2012.
- Útlán til viðskiptavina í lok tímabilsins námu 576,2 mö.kr. og hafa aukist lítillga frá áramótum.
- Heildareignir námu 936,9 mö.kr., samanborið við 900,7 ma.kr. í árslok 2012.
- Eigið fé bankans í lok tímabilsins var 140,9 ma.kr. en nam 130,9 mö.kr. í lok árs 2012.



Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka:

Afkoma Arion banka á þriðja ársfjórðungi er góð og í samræmi við okkar væntingar. Á heildina litið erum við sátt við rekstur bankans þessa fyrstu níu mánuði ársins, ekki síst í ljósi þess að enn gætir nokkurrar óvissu í okkar ytra starfsumhverfi. Góður stöðugleiki einkennir kjarnastarfsemi bankans og afkoman byggir nú í mun ríkari mæli á hefðbundinni bankastarfsemi í stað óreglulegra liða eins og virðisbreytinga.

Það er ánægjuefni að Arion banki mun í næstu viku ljúka endurreikningi gengistryggðra lána til einstaklinga þegar við munum birta um 70 viðskiptavinum niðurstöður endurreikningsins. Þannig er vinnu sem staðið hefur undanfarið ár við endurreiking um 3.700 gengistryggðra lána að ljúka. Aðeins standa eftir fá gengistryggð fyrirtækjalán en þar bíðum við niðurstöðu Hæstaréttar.

Um þessar mundir eru liðin fimm ár frá því Arion banki var stofnaður. Á þessum árum hefur okkar markmið verið að byggja upp góðan banka sem veitir viðskiptavinum sínum góða þjónustu og holl ráð, banka sem tekur ákvarðanir af ábyrgð en er kjarkmikill þegar þess þarf. Vonandi bera verk okkar undanfarin ár þetta með sér.

*Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka,
haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.*



Rekstrarreikningur – helstu atriði

Rekstrarreikningur				
Í milljónum króna	9 mán. '13	9 mán. '12	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	18.313	20.134	-1.821	-9%
Hrein breyting á verðmati lána og krafna	-119	479	-598	-125%
Samtals hreinar vaxtatekjur og matsbreyting	18.194	20.613	-2.419	-12%
Hreinar þóknatekjur	8.284	8.053	231	3%
Hreinar fjármunatekjur	1.989	491	1.498	305%
Hreinn gengishagnaður/ -tap	-1.035	559	-1.594	-285%
Aðrar rekstrartekjur	4.035	4.643	-608	-13%
Rekstrartekjur	31.467	34.359	-2.892	-8%
Laun og launatengd gjöld	-9.439	-8.813	-626	7%
Annar rekstrarkostnaður	-8.744	-8.061	-683	8%
Hagnaður fyrir skatta	13.284	17.485	-4.201	-24%
Tekjuskattur	-2.851	-3.375	524	-16%
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	-300	-771	471	-61%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	10.133	13.339	-3.206	-24%
Hreinar tekjur/ -gjöld af aflagðri starfsemi	-3	1.198	-1.201	-
Hagnaður tímabilsins	10.130	14.537	-4.407	-30%

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur námu 31.467 milljónum króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2013 og eru 2.892 milljónum króna lægri en á sama tíma árið 2012. Lækkunin er fyrst og fremst tilkomin vegna lægri vaxtamunar og lægri annarra rekstrartekna en var á sama tíma 2012.

Hreinar vaxtatekjur á tímabilinu námu 18.194 milljónum króna, samanborið við 20.613 milljónir króna á sama tíma 2012. Lækkunin milli ára er tæpir tveir milljarðar króna og skýrist einkum af minni verðbólgu annars vegar og hærri vaxtagjöldum af fjármögnun, bæði bundnum innlánnum og nýrri lántöku, innanlands sem utan. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 2,9% á tímabilinu en var 3,3% á sama tímabili 2012.

Hrein breyting á verðmati lána og krafna fólst í gjaldfærslu upp á 119 milljónir króna á tímabilinu samanborið við 479 milljóna króna tekjufærslu á sama tímabili 2012. Virðishækkun vegna útlána nam 7.632 milljónum króna á tímabilinu, einkum vegna lána til stærri fyrirtækja. Virðisryrningur upp á 7.751 milljón króna var á tímabilinu, fyrst og fremst vegna lána sem dæmd hafa verið með ólöglega tengingu við gjaldmiðla.

Hreinar þóknatekjur aukast lítillega milli ára og námu 8.284 milljónum króna samanborið við 8.053 milljónir króna á sama tíma 2012. Veruleg aukning þóknatekna hefur orðið í fjárfestingabankastarfsemi en tekjur af kortum og lánveitingum lækka nokkuð.

Hreinar fjármunatekjur námu 1.989 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 491 milljón króna á sama tíma 2012. Tekjurnar eru að meirihluta af hlutabréfaeign bankans en skuldabréfaeign skilar einnig nokkrum gengismun. Hagstæðar markaðsaðstæður á íslenskum verðbréfamarkaði það sem af er ári skýra þessar miklu breytingar milli ára.

Hreint gengistap nam 1.035 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 559 milljóna króna gengishagnað á sama tíma 2012. Nettó gjaldeyrisjöfnuður samstæðunnar nam 26,3 milljörðum króna í lok tímabilsins sem felur í sér að gengissveiflur hafa veruleg áhrif á rekstrartekjur. Gjaldyrisjöfnuðurinn er nokkuð innan þeirra 15% marka sem Seðlabankinn setur. Það er stefna bankans að vera með góða lausafjástöðu í gjaldeyri en þróun gengis á fyrstu níu mánuðum ársins gerir það að verkum að sú stefna leiðir til gengistaps á tímabilinu.



Aðrar rekstrartekjur námu 4.035 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 4.643 milljónir króna á sama tíma 2012. Helstu tekjur sem falla undir aðrar rekstrartekjur eru leigutekjur af atvinnuhúsnæði í eigu Landfesta og Landeyjar og tekjur af iðgjöldum hjá OKKAR líftryggingum en þessi félög eru öll dótturfélög bankans. Þá falla jafnframt þar undir virðisbreytingar og söluhagnaður vegna fjárfestingareigna í eigu fasteignafélaga bankans sem skýrir að mestu lækkunina milli ára en virðisbreyting og hagnaður af sölu fjárfestingareigna var meiri á sama tímabili á árinu 2012.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður á tímabilinu nam 18.183 milljónum króna og hækkaði um 1.309 milljónir króna frá sama tíma 2012 eða um 7,8%. Meðal rekstrarkostnaðar er 500 milljóna króna sekt sem Samkeppniseftirlitið lagði á Valitor og staðfest hefur verið af áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Að frátaldri sektinni hækkar rekstrarkostnaður um 809 milljónir króna eða um 4,8%. Kostnaðarhlutfall hækkar í 57,6% á tímabilinu en var 49,8% á sama tíma 2012. Kostnaður sem hlutfall af eignum á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 nam 2,6% en var 2,5% á sama tímabili árið 2012. Kostnaðarhlutfallið er mjög litað af lækkuðum rekstrartekjum m.a. vegna lægri hreinna vaxtatekna á tímabilinu og gjaldfærslu fyrrnefndrar sektar á Valitor.

Laun og launategd gjöld námu 9.439 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 8.813 milljónir króna á sama tíma 2012. Stöðugildi á tímabilinu voru að meðaltali 1.164 samanborið við 1.160 á sama tíma 2012. Meðallaun hafa hækkað um 5,0% sem er undir þróun launavísitölu milli tímabila, sem hefur hækkað um 5,5%.

Annar rekstrarkostnaður nam 8.744 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 8.061 milljón króna á sama tíma 2012. Hækkunin nemur 683 milljónum króna og skýrist að stórum hluta af gjaldfærðri sekt Samkeppniseftirlitsins á Valitor. Að öðru leyti er annar rekstrarkostnaður í takt við væntingar.

Skattar

Tekjuskattur nam 2.851 milljón króna samanborið við 3.375 milljónir króna á sama tíma 2012. Virkt tekjuskattshlutfall er nokkru hærra en á sama tímabili 2012, er 21,5% nú en var 19,3% á fyrstu níu mánuðum ársins 2012.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki nam 300 milljónum króna samanborið við 771 milljón króna á sama tíma 2012. Lækkunin skýrist af lægra skatthlutfalli á árinu 2013 en gildi fyrir tvö undangengin ár.

Aflögð starfsemi

Hrein gjöld af aflagðri starfsemi námu 3 milljónum króna samanborið við 1.198 milljónir króna í hreinar tekjur á sama tíma 2012. Árið 2012 varð söluhagnaður af sölu á stórum hluta af eignarhlut í Högum sem og af sölu á eignarhlut bankans í N1. Á fyrstu níu mánuðum þessa árs hafði sala eigna óveruleg áhrif og tap varð af annarri aflagðri starfsemi og rekstri fullnustueigna í eigu bankans.



Þriðji ársfjórðungur 2013

Afkoma þriðja ársfjórðungs 2013 var vel viðunandi. Arðsemi eigin fjár var 12,2% samanborið við 10,7% arðsemi á þriðja ársfjórðungi 2012.

Rekstrarreikningur

Í milljónum króna	3. fjórð. '13	3. fjórð. '12	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	5.646	6.254	-608	-10%
Hrein breyting á verðmati lána og krafna	-253	-2.053	1.800	-88%
Samtals hreinar vaxtatekjur og matsbreyting	5.393	4.201	1.192	28%
Hreinar þóknatekjur	2.986	2.715	271	10%
Hreinar fjármunatekjur	445	161	284	176%
Hreinn gengishagnaður/ -tap	213	708	-495	-70%
Aðrar rekstrartekjur	1.610	1.637	-27	-2%
Rekstrartekjur	10.647	9.422	1.225	13%
Laun og launatengd gjöld	-2.760	-2.644	-116	4%
Annar rekstrarkostnaður	-2.516	-2.586	70	-3%
Hagnaður fyrir skatta	5.371	4.192	1.179	28%
Tekjuskattur	-1.102	-462	-640	139%
Bankaskattur	-112	-261	149	-57%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	4.157	3.469	688	20%
Hreinar tekjur/ -gjöld af aflagðri starfsemi	62	-181	243	-
Hagnaður tímabilsins	4.219	3.288	931	28%

Rekstrartekjur á þriðja ársfjórðungi hækka nokkuð milli ára eða um 13%. Vaxtatekjur og gengishagnaður af gjaldmiðlum lækka nokkuð milli ára en þóknatekjur, fjármunatekjur af verðbréfaeign og ekki síst minni niðurfærsla af útlánnum skýra hækkun rekstrartekna á milli ára.

Rekstrarkostnaður er lítillega hærrí á þriðja ársfjórðungi 2013 samanborið við þriðja ársfjórðung 2012 og er það nær eingöngu tengt hækkun launakostnaðar, bæði samningsbundnum launahækkunum og hækkun á prósentu fjársýsluskatts um 1,3% á árinu 2013.



Efnahagsreikningur – helstu atriði


Eignir

Í milljónum króna	30.09.2013	31.12.2012	Breyt.%	30.09.2012	Breyt.%
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	20.116	29.746	-32%	16.026	26%
Lán og kröfur til lánastofnana	113.202	101.011	12%	88.007	29%
Lán og kröfur til viðskiptavina	576.204	566.610	2%	572.484	1%
Verðbréfaeign	154.387	137.800	12%	137.924	12%
Fjárfestingareignir	29.382	28.919	2%	28.171	4%
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	9.931	11.923	-17%	13.711	-28%
Aðrar eignir	33.722	24.666	37%	19.922	69%
Eignir samtals	936.944	900.675	4%	876.245	7%

Heildareignir Arion banka námu 936.944 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 900.675 milljónir króna í árslok 2012. Breytingar á tímabilinu eru ekki miklar en þær má einkum rekja til aukningar á lausu fé og verðbréfaeign. Fjárhagslegur styrkur bankans er áfram mikill og nemur lausafjárhlutfall hans 35,5% og reiðufjárhlutfall 28,9% samanborið við 32,9% og 30,8% í lok árs 2012. Lögbundin lágmörk fyrir þessi hlutföll eru 20% og 5%.

Lán og kröfur til viðskiptavina

Lán og kröfur til viðskiptavina námu 576.204 milljónum króna í lok september samanborið við 566.610 milljónir króna í lok árs 2012. Nýjar lánveitingar á fyrstu níu mánuðum ársins eru töluverðar en einnig uppgreiðslur lána, sem verður til þess að lánabók bankans stendur nánast í stað. Hlutfall lána til einstaklinga hefur aukist mjög síðustu árin. Í árslok 2010 var hlutfall einstaklingslána 24,7% af heildarlánasafni bankans en er nú í lok september komið í 45%. Bankinn sér fyrir sér að þetta hlutfall muni jafnvel hækka enn frekar á næstu misserum og að þá verði bankinn með svipað hlutfall og helstu bankar á norðurlöndunum, en hlutfall einstaklingslána er í kringum 50% af heildarlánasafni þeirra.



Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 154.387 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 137.800 milljónir króna í lok árs 2012.

Verðbréfaeign

Í milljörðum króna	30.09.2013	31.12.2012	Breyt.%	30.09.2012	Breyt.%
Skuldabréf	131.511	117.730	12%	119.697	10%
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	17.748	16.844	5%	15.860	12%
Afleiðusamningar	1.080	788	37%	969	11%
Verðbréf til áhættuvarna	4.048	2.438	66%	1.398	190%



Breytingar í þessum eignaflokki tengjast einkum stýringu á lausafé bankans, þ.e. kaupum á skuldabréfum.

Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Eignir sem teljast til *fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi* námu 9.931 milljón króna í lok september 2013 samanborið við 11.923 milljónir króna í lok árs 2012. Lækkunin er einkum til komin vegna sölu á Fram foods Íslandi hf. og nokkrar stórar fasteignir hafa sömuleiðis verið seldar. Helstu eignir undir þessum flokki eru fasteignir og eignarhlutir í félögum sem hafa verið yfirtekin af bankanum í tengslum við uppgjör á lánum viðskiptavina.

Skuldir og eigið fé

Skuldir og eigið fé

Í milljónum króna	30.09.2013	31.12.2012	Breyt.%	30.09.2012	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka	28.548	32.990	-13%	16.459	73%
Innlán frá viðskiptavinum	471.768	448.683	5%	454.405	4%
Fjárskuldir á gangvirði	9.834	13.465	-27%	11.122	-12%
Skuldir vegna aflagðrar starfsemi	591	1.769	-67%	2.683	-78%
Aðrar skuldir	46.442	43.585	7%	37.689	23%
Lántaka	206.065	195.085	6%	192.953	7%
Víkjandi lántaka	32.809	34.220	-4%	32.502	1%
Eigið fé	140.887	130.878	8%	128.432	10%
Skuldir og eigið fé samtals	936.944	900.675	4%	876.245	7%

Heildarskuldir námu 796.057 milljónum króna í lok september samanborið við 769.797 milljónir króna í lok ársins 2012. Ástæðu hækkunarinnar má einkum rekja til skuldabréfaútgáfu, hérlendis og erlendis, á tímabilinu en einnig hafa innlán aukist nokkuð.

Innlán

Heildarinnlán bankans námu 500.316 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 481.673 milljónir króna í árslok 2012. Fjárfestingarkostir hafa verið fremur fáir síðustu misseri og af þeim sökum hafa innlán haldist fremur stöðug í kerfinu. Unnið hefur verið markvisst að því hjá bankanum að binda innlán, með það að markmiði að tryggja betur fjármögnun bankans.

Lántaka

Lántaka bankans nam 206.065 milljónum króna í lok september samanborið við 195.085 milljónir króna í lok árs 2012. Hækkunin skýrist að mestu af því að á tímabilinu gaf bankinn út 4,8 milljarða króna í verðtryggðum og óverðtryggðum sértryggðum skuldabréfum sem eru skráð á NASDAQ OMX Íslandi og 500 milljónir norskra króna (um 11 milljarða íslenskra króna) í skuldabréfum sem voru seld erlendum fjárfestum og hafa verið skráð í kauphöllina í Osló. Lækkun hefur komið á móti vegna styrkingar íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum og afborgunum af langtímaskuldum. Bankinn mun áfram vinna að aukinni fjölbreytni í fjármögnun sinni, bæði innanlands og utan.

Víkjandi lántaka

Víkjandi lántaka bankans nam 32.809 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 34.220 milljónir króna í árslok 2012. Breytingin er eingöngu tengd hreyfingum á gengi erlendra mynta sem lánin tengjast.



Eigið fé

Eigið fé bankans nam 140.887 milljónum króna í lok september samanborið við 130.878 milljónir króna í lok ársins 2012. Breytingin er öll vegna afkomu á fyrstu níu mánuðum ársins 2013. Eiginfjárlutfall bankans, reiknað samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins, nam 23,6% í lok tímabilsins en lögbundið lágmark er 8%.

Kennitölur

	9 mán. '13	2012	9 mán. '12
Arðsemi eigin fjár	10,0%	13,8%	15,9%
Arðsemi eigna	1,5%	1,9%	2,2%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,9%	3,4%	3,3%
Vaxtamunur á heildareignir	2,7%	3,1%	3,0%
Kostnaðarhlutfall	57,6%	49,8%	49,8%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,6%	2,8%	2,5%
Virkur tekjuskattur	21,5%	18,0%	19,3%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall FME)	23,6%	24,3%	22,5%
Tier 1 hlutfall	18,9%	19,1%	17,7%
Vandræðalán	8,2%	12,5%	14,7%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	73,7%	73,0%	77,1%
Útlán sem hlutfall af innlánnum	122,1%	126,3%	126,0%
Lausafjárlutfall	35,5%	32,9%	30,6%
Reiðufjárlutfall	28,9%	30,8%	17,7%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.164	1.166	1.160
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils- samstæða	1.139	1.190	1.177
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	927	927	921
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	906	949	936

Fjárhagsdagatal

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Ársuppgjör 2013	26. febrúar 2014
Aðalfundur 2014	20. mars 2014
Árshlutauppgjör 1F	21. maí 2014
Árshlutauppgjör 2F	27. ágúst 2014
Árshlutauppgjör 3F	20. nóvember 2014

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.